

## **Reglur Sveitarfélagsins Garðs um greiðslur vegna nemenda grunnskóla sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélagsins Garðs.**

*Reglur þessar taka mið af viðmiðunarreglum um greiðslur vegna nemenda sem stunda nám utan lögheimilissveitarfélags, samþykktum af stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga 29. október 2010.*

### 1. gr.

Allir nemendur á grunnskólaaldri með lögheimili í Sveitarfélaginu Garði eiga rétt á skólavist í Gerðaskóla. Flytjist lögheimili nemanda í annað sveitarfélag eftir að nemandi hefur skólagöngu í Gerðaskóla, skal hann eiga rétt á að ljúka námi í Gerðaskóla til loka viðkomandi skólaárs án þess að til komi greiðslur vegna þess frá hinu nýja lögheimilissveitarfélagi.

Skólastjórnendur Gerðaskóla geta heimilað nemendum úr öðrum sveitarfélögum námsvist í Gerðaskóla sé þess óskað, enda liggja fyrir samningur við hlutaðeigandi lögheimilissveitarfélag um greiðslu námskostnaðar vegna náms við Gerðaskóla.

### 2. gr.

Foreldrar/forsjáraðilar geta sótt um námsvist í grunnskóla í öðru sveitarfélagi fyrir grunnskólanemendur sem hafa lögheimili í Sveitarfélaginu Garði. Sótt skal sérstaklega um fyrir hvert skólaár og skal það gert fyrir 15. apríl ár hvert fyrir komandi skólaár.

### 3. gr.

Skólastjóra Gerðaskóla, í samráði við fræðslustjóra, er heimilt að afgreiða umsókn um skólavist í öðru sveitarfélagi og ásamt bæjarstjóra að staðfesta greiðsluskyldu bæjarins vegna skólavistar nemandans.

Greiðslur miðast við viðmiðunargjaldskrá Sambands Íslenskra sveitarfélaga sem gefin er út í upphafi hvers skólaárs. Þurfi nemandi á sérkennslu og/eða nýbúakennslu að halda skal um það samið sérstaklega.

Foreldrar/forsjáraðilar bera ábyrgð á að innrita nemandann í viðtökuskóla og Sveitarfélagið Garður sendir staðfestingu til viðtökusveitarfélags og viðtökuskóla um greiðslur hafi umsókn verið samþykkt.

### 4. gr.

Sveitarfélagið Garður heimilar námsvist í öðru sveitarfélagi á eftirfarandi forsendum:

1. Þegar nemandi fær ekki notið kennslu við sitt hæfi í Gerðaskóla, sbr. 17. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008
2. Þegar nemandi er ráðstafað í fóstur samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga nr. 80/2002
3. Þegar nemandi fylgir foreldri/forsjáraðilum sem stunda háskólanám sem krefst tímabundinnar búsetu utan Suðurnesja ( og höfuðborgarsvæðisins), enda teljist námið láns hæft að mati Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

1303008

5. gr.

Ákvörðun á grundvelli 1. tli. 1. mgr. 4. gr. er kæránleg samkvæmt fyrir mælum 47. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Rísi ágreiningur um afgreiðslu umsóknar á grundvelli 3. tli. 1. mgr. 4. gr. er heimilt að skjóta málinu til fræðslunefndar.

6. gr.

Bæjaryfirvöld skulu í fjárhagsáætlun hvers árs tryggja fjármagn til þess að standa straum af þeim kostnaði sem hlýst af framkvæmd reglna þessara.

7. gr.

Ofangreindar reglur taka að öðru leyti mið af viðmiðunarreglum Sambands Íslenskra sveitarfélaga um námsvist nemenda í grunnskólum utan lögheimilissveitarfélags.

Framangreindar reglur voru samþykktar í Bæjarstjórn Garðs þann 5. júní 2013.